



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
Reykjavík

Tillaga og greinargerð, dags. 4. desember 2017, um aukna þjónustu við utangarðsfólk í Reykjavík, ásamt minnisblaði.

Á fundi velferðarráðs þann 7. desember 2017 var lögð fram tillaga og greinargerð, um aukna þjónustu við utangarðsfólk í Reykjavík, ásamt minnisblaði

Samþykkt samhljóða með þeim breytingum að farið verði ítarlega yfir starfslýsingar og verkefni starfsmanna samhliða útvíkkun verkefnisins og að verkefnið verði árangursmetið fyrir lok árs 2018.

Tillagan verði því svohljóðandi:

Lagt er til að velferðarráð samþykki að íbúðum á grundvelli hugmyndafræði um *Housing first* verði fjölgað um fjórar á ári eða samtals tólf á tímabilinu 2018-2020 og á sama tíma verði stöðugildum í vettvangs- og ráðgjafarteymi þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða (VR teymi) fjölgað um sex. Farið verði ítarlega yfir starfslýsingar og verkefni starfsmanna í samræmi við lengingu á þjónustutíma. Verkefnið verði árangursmetið fyrir lok árs 2018.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð þakkar fyrir góðar kynningar frá starfsmönnum sviðsins á aðstæðum utangarðsfólks. Áhersla ráðsins hefur verið á að innleiða hugmyndafræði „Housing First“ sem gengur út á að félagslegar leiguíbúðir fari í sértæka úthlutun til utangarðsfólks, þannig að það eignist heimili án þess að gerð sé krafa um að viðkomandi hafi lokið vímuefnaðferð eins og áður var. Þjónusta í anda „Housing First“ hefur sjónarmið skaðaminnkunar að leiðarljósi og nú þegar veitir borgin 19 einstaklingum þjónustu samkvæmt þeirri hugmyndafræði. Reynslan er sú að við teljum rétt að halda áfram að þróa þjónustu við utangarðsfólk í þessa átt. Það gerum við með því að fjölga íbúðum, setja upp skammtíma herbergjaúrræði fyrir það fólk sem ekki er í neyslu og fjölga í vettvangs- og ráðgjafateyminu. Teymið hefur yfirsýn yfir málaflokkinn og vinnur að forvörnum með því að sinna gestum sem koma í neyðarskýli í samstarfi við ráðgjafa á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar auk þess sem það styður þá einstaklinga sem komnir eru í húsnæði.

Þetta er hér með sent borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Lagt fyrir fund velferðarráðs 7. desember 2017

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Tillaga:

Lagt er til að velferðarráð samþykki að íbúðum á grundvelli hugmyndafræði um *Housing first* verði fjölgað um fjórar á ári eða samtals tólf á tímabilinu 2018-2020 og á sama tíma verði stöðugildum í vettvangs- og ráðgjafarteymi þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða (VR teymi) fjölgað um sex. Verkefnið verði árangursmetið fyrir lok árs 2018.

Greinargerð:

Áætlaður heildarkostnaður tillögunnar á tímabilinu er 67 mkr, þar af 35 mkr á árinu 2018. Í breytingartillögur borgarstjóra vegna fjárhagsáætlunar 2018, dags. 30. nóvember 2017 (mál nr. R17020174), er gert ráð fyrir hækkun fjárheimilda vegna stuðnings við búsetu utangarðsfólks um 60 mkr. Ofangreind tillaga mun því rúmast innan fjárheimilda ársins 2018 með samþykkt borgarstjórnar þann 5. desember 2017 á breytingartillögu borgarstjóra vegna fjárhagsáætlunar 2018.

Þær tillögur sem lagðar eru fram eru liður í áframhaldandi þróun á þjónustu við utangarðsfólk. Með fjölgun *Housing First* íbúða um tólf á tímabilinu þarf að fjölga stöðugildum í vettvangs- og ráðgjafarteymi (VR teymi) um allt að sex vegna lengingar á þjónustutíma og fjölgun þjónustuþega. Á árinu 2018 bætast við þrjú stöðugildi, tvö stöðugildi árið 2019 og eitt stöðugildi árið 2020. Með þessari aukningu bætist við þjónustutíma teymisins í áföngum þannig að í lok tímabilsins verður hann frá kl. 8:00 til kl. 24:00 alla daga vikunnar. Farið verði ítarlega yfir starfslýsingar og verkefni starfsmanna í samræmi við lengingu á þjónustutíma. Gert er ráð fyrir að tillögur um þróun/breytingar á starfseminni í Gistiskýlinu verði lagðar fyrir velferðarráð á fyrsta ársfjórðungi ársins 2018 ásamt tillögum um fjölgun smáhýsa og annarra aðgerða í þágu utangarðsfólks.

Fylgiskjal: Minnisblað með tillögu um þróun þjónustu við utangarðsfólk.



Reykjavík, 4. desember 2017

VEL 2017

321. fundur

RÁ/kg/sea

Lagt fyrir fund velferðarráðs 7. desember 2017

Minnisblað með tillögu um þróun þjónustu við utangarðsfólk

Efni

Fjölgun „*Housing first*“ íbúða og styrking vettvangs- og ráðgjafarteymis þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Forsaga

Málefni utangarðsfólks voru síðast rædd á fundi velferðarráðs 2. mars 2017. Eftirfarandi var fært til bókar:

Velferðarráð þakkar starfsfólki þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða góða og ítarlega áætlun á breyttu skipulagi og framkvæmd þjónustu við utangarðsfólk. Áætlunin er unnin í samræmi við stefnu í málefnum utangarðsfólks 2014-18. Samantekt á notkun gistiskýlisins sýnir að um 18% gestanna nýta 70% af öllum gistinóttum á því tímabili sem mælingin var gerð. Eðlilegt þykir því að þeim sem nýta gistiskýlið sem fast heimili verði fundinn viðunandi búseta með stuðningi enda er gistiskýlið hugsað sem neyðarúrræði til skemmri tíma. Velferðarráð vill að kannaðir verði kostir og gallar þess að nýtt neyðarskýli verði fundið fyrir karla og skoðað verði hvernig Lindargata 48 muni nýtast best, hvort sem er sem nýtt búsetuúrræði eða undir aðra starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar. Ráðið leggur áherslu á að skoðað verði áfram hvernig tryggja megi sambærilega þjónustu við konur jafnt og karla þó ólíkar aðstæður hópanna kunnir að kalla á ólíkar nálganir í þjónustu. Einnig leggur velferðarráð að þörf fyrir dagþjónustuúrræði verði könnuð nánar. Mikilvægt er að árangur sé metin eins og fram kemur með sjálfsmati á líðan með spurningalistum.

Með utangarðþjónustu er átt við þjónustu fyrir sundurleitan hóp fólks sem af ýmsum ástæðum getur ekki haldið heimili. Í nágrannalöndum okkar er hópurinn kenndur við húsnaðis- eða heimilisleysi (e. homeless, d. hjemlös), en hér á landi hefur orðið utangarðsfólk verið notað. Algeng einkenni í þessum hópi eru fikn og neysla, geðrænn vandi, frávik í þroska, saga um áföll og félagslegir erfiðleikar - oftast en ekki blanda af þessum þáttum. Flestir sem tilheyra þessum hópi eiga rétt á heilbrigðisþjónustu vegna

veikinda og fíknar og njóta fjárhagslegs stuðnings frá Tryggingastofnun vegna fötlunar og/eða örorku. Allir eiga svo rétt á aðstoð sveitarfélagsins vegna fötlunar, félagslegra erfiðleika og húsnæðisleysis.

Tillaga um þróun þjónustunnar byggir á *Stefnu um málefni utangarðsfólks 2014-2018* og *stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu 2013 – 2023* sem leggur áherslu á hugmyndafræðina sjálfstætt líf.

Fjölgun „Housing first“ íbúða og styrking vettvangs- og ráðgjafarteymis þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Lagt er til að íbúðum á grundvelli hugmyndafræði um *Housing first* verði fjölgað um fjórar á ári eða samtals tólf á tímabilinu 2018-2020. Stöðugildum í vettvangs- og ráðgjafateymi (VR-teymi) verði fjölgað á næstu þremur árum svo að teymið geti sinnt hlutverki sínu í ríkara mæli. Er annars vegar horft stuðnings vegna fjölgunar íbúða undir formerkjum *Housing First*. Hins vegar út frá margþættum stuðningi teymisins við utangarðsfólk í fjölbreytilegum aðstæðum í borginni. Viðbótarþörf til ársins 2020 er áætluð sex stöðugildi en verður endurskoðuð á hverju ári á grundvelli reynslu og þjónustuþarfar.

Vettvangs- og ráðgjafarteymið (VR-teymið) er þverfaglegt hreyfanlegt teymi sem var stofnað árið 2015 í samræmi við stefnu borgarinnar í málefnum utangarðsfólks. Megin markmið og tilgangur VR teymisins og *Housing First* hugmyndafræðinnar er að draga úr eða koma í veg fyrir að einstaklingar missi heimili sín endurtekið, draga úr neikvæðum heilsufarslegum og félagslegum afleiðingum þess, auka lífsgæði skjólstæðinga og draga úr áreiti þeirra á nærsamfélag sitt og óþarfa kostnaði í heilbrigðis- og velferðarkerfum. Jafnframt að vinna markvist að forvarnarstarfi gegn heimilsleysi með þjónustumiðstöðvum, sjúkrahúsum, meðferðarstofnunum og fangelsismálayfirvöldum með inngripum þegar vísbendingar eru um að einstaklingur er að missa heimili eða koma úr stofnavist án þess að hafa vísan samastað.

VR-teymið sinnir tveimur mikilvægum hlutverkum. Annars vegar hefur það yfirsýn yfir málaflökkinn og vinnur að forvörnum með því að sinna gestum sem koma í neyðarskýli í samstarfi við ráðgjafa á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Hins vegar veitir það hópi fólks (í dag 19 manns), sem er í búsetu undir formerkjum *Housing First*, stuðning og ráðgjöf í daglegri búsetu. Í starfi sínu á VR-teymið samstarf við ráðgjafa þjónustumiðstöðva, lögreglu, bráðaþjónustu LSH, geðheilbrigðisþjónustu LSH og fleiri. Almennt er VR-teymið í tengslum við 80-90 jaðarsetta einstaklinga á hverjum tíma.

Áfangaskipting:

Fyrsti áfangi 2018: Aukning um í þrjú stöðugildi svo lengja megi þjónustutíma fyrir fólk í sjálfstæðri búsetu og bregðast við fjölgun í íbúa í *Housing First* íbúðum um fjórar.

Áætlað er að lengja þjónustutímamann til kl. 20:00 virka daga og hefja þjónustu um helgar milli kl. 12:00 og kl. 20:00. Miðað er við að auk 70 einstaklinga sem VR-teymið sinnir í dag með ráðgjöf verði 24 íbúar í búsetu- og stuðningsþjónustu (stuðningur í sjálfstæðri búsetu) undir formerkjum *Housing First*.

Annar áfangi 2019: Fjölgun um tvö stöðugildi svo lengja megi þjónustutíma þannig að hann nýtist utangarðsfólki sem best í ljósi árangursmats 2018. Jafnframt er áætlað að fjölga *Housing First* íbúðum um aðrar fjórar.

Priðji áfangi 2020: Fjölgun um eitt stöðugildi og lenging þjónustutíma sem byggir á mati á þjónustuþörf. Fjölgun í *Housing First* verði áfram um fjórar íbúðir.

Árangur af lengdum þjónustutíma verði metinn í lok hvers árs. Árangursmatið mun byggja m.a. á markmiðum einstaklingsáætlana, stöðugleika í búsetu, mati á líðan og viðhorfum notenda og samstarfsaðila.

Fjárhagsáætlun frá skrifstofu fjármála og reksturs

Kostnaður vegna fjölgunar stöðugilda VR teymis í samræmi við ofangreinda tillögu auk lengingar á þjónustutíma er metinn samkvæmt eftirfarandi töflu.

Tafla 1: Kostnaður vegna fjölgunar stöðugilda VR teymis skv. tillögu

Ár	Stöðugildi	Laun	Annar rek.	Samtals
2018	3	33,3 mkr	1,7 mkr	35,0 mkr
2019	2	20,3 mkr	1,0 mkr	21,3 mkr
2020	1	10,2 mkr	0,5 mkr	10,7 mkr

Á árinu 2018 er gert ráð fyrir kostnaði um 35 mkr. Miðað er við fjölgun um þrjú stöðugildi, þar af einu stöðugildi sérhæfðs starfsmanns. Gert er ráð fyrir vaktaálagi í samræmi við lenginu á þjónustutíma. Útreikningur á öðrum rekstrarkostnaði miðar við 5% af launakostnaði.

Í breytingartillögu fjárhagsáætlunar 2018, dags. 30. nóvember 2017 (mál nr. R17020174), er gert ráð fyrir hækkun fjárheimilda vegna stuðnings við búsetu utangarðsfólks um 60 mkr og rúmast breytingar samkvæmt tillögu því innan fjárheimilda ársins 2018 verði breytingartillagan samþykkt í borgarstjórn.

